

Geðsjúkir fastir í vítahring

Brýnt er að rjúfa félagslega einangrun, uppræta fordóma og bæta menntun og efnahag geðsjúkra á Íslandi. Þetta er meðal þess kemur fram í rannsókn á þjónustupörfum geðsjúkra.

GEÐHEILBRIGDI Það er þörf fyrir græðandi mannleg samskipti og það verður að rjúfa vítahringinn sem geðsjúkir lifa í með fjölbreyttum úrræðum og fjármagni. Þetta er meðal þess sem kom fram í máli dr. Páls Biering, geðhjúkrunarfræðings, þegar hann ásamt meðhöfundum sínum, Guðbjörgu Danielsdóttur og Arndísi Jónsdóttur, kynntu niðurstöðu rannsóknar á þjónustupörfum geðsjúkra og reynslu þeirra af geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi, sem unnin var á vegum Rauða kross Íslands og Geðhjálp.

Dr. Páll lagði á það þunga áherslu að geðsjúkir væri sá hópur í samfélaginu sem minnst má sín.



SVEINN MAGNÚSSON Framkvæmdastjóri Geðhjálp kallar á samstillt átak til úrbóta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikill meirihluti þátttakenda í rannsókninni, eða 80,3 prósent, hafði minna en 150.000 krónur í tekjur á mánuði og tekjur margra ná ekki 100.000 þúsund krónum á mánuði. Sterk tengsl voru á milli menntunar og tekna en 10,1 prósent höfðu ekki lokið grunnskólamenntun og aðeins 11,7 prósent höfðu háskólamenntun. Það einkennir líka félagslegar aðstæður geðsjúkra að einungis þriðjungur var giftur eða í sambúð.

Rannsóknin leiddi í ljós að félagsleg einangrun geðsjúkra er mikil og þeir mæta víða fordómum. Þeir sem búa einir standa þó verr í þessu tilliti en sá hópur sem var giftur eða í sambúð. Einangrunin og fordómarnir bitna líka frekar á þeim sem hafa minnstu tekjurnar og þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanleg skýring á minni einangrun á landsbyggðinni er að nánd fólks er þar meiri. Sama gildir um fordóma.

Rannsóknin var unnin til þess að afla þekkingar sem styðjast má við til að bæta þjónustuna við geðsjúka og aðstandendur þeirra. Einnig var ætlunin að afla upplýsinga sem hið opinbera og fagaðilar gætu haft til hliðsjónar við stefnumótun og setningu markmiða.

„Hér er um það að ræða að stilla saman strengi og að þeir sem



GEÐHJÁLP Margir geðsjúkir einstaklingar eru hjálparþurfi. Stærstur hluti geðsjúkra hefur minna en 150.000 krónur í mánaðartekjur og einungis þriðjungur er giftur eða í sambúð.

NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

glíma við vandamálið sem og fagfólk vinni saman. Við sjáum mörg úrræði um allt samfélagið, en þau eru hist og her, eylönd sem þarf að tengja saman til að snúa málum til

betri vegar,“ sagði Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, og kallar til allra sem að þessu máli koma um samstillt átak til úrbóta.

svavar@frettabladid.is